

GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN

Skólanámskrá
2018 - 2019



2. bekkur

Umsjónarkennari: Anna Kristín Gunnarsdóttir

Grunnskólinn í Þorlákshöfn

Skólastjóri: Ólína Þorleifsdóttir olina@olfus.is

Aðstoðarskólastjóri: Jónína Magnúsdóttir jonina@olfus.is

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Samstarf heimilis og skóla	3
Skimanir 2018 -2019.....	3
Viðmiðunarstundaskrá	3
Námsmat	4
Íslenska	5
Stærðfræði	7
Náttúrugreinar.....	9
Samfélagsgreinar.....	11
Íþróttir	13
Sund.....	15
Hönnun og smíði	17
Textílmennt	19
Heimilisfræði	21
Upplýsinga- og tæknimennt	23
Myndmennt.....	25
Leiklist.....	27
Dans.....	29

Inngangur

Grunnskólinn í Þorlákshöfn leggur megináherslu á að þjálfá skólafærni nemenda. Með skólafærni er átt við umgengni, samskipti og vinnubrögð. Nemandinn þarf m.a. að læra að fara eftir reglum skólans og fyrirmælum starfsfólks, sýna skólafélögum sínum tillitsemi í leik og starfi, læra að umgangast eigin sínar, skólans og félaga sinna. Hann þarf að læra að vinna skipulega, ljúka verkefnum sínum, virða vinnu sína og annarra, vinna í hópstarfi og taka réttmæta ábyrgð á námi sínu. Lögð er áhersla á að samfella sé á milli skólastiga bæði í námi og félagsstarfi.

Stefna skólans

- Að stuðla að vellíðan allra í skólanum
- Að efla félags- og siðgæðisvitund nemenda
- Að nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Að nemendur beri virðingu fyrir umhverfi sínu svo og taki ábyrgð á eigin gjörðum
- Að kennsluaðferðir, námsefni og námsumhverfi miðist við þroska og getu nemenda
- Að efla samskipti nemenda og starfsfólks innbyrðis svo og samskipti skóla og heimila

Einkunnarorð Grunnskólans í Þorlákshöfn eru: Vinátta—virðing—velgengni.

Samstarf heimilis og skóla

Skóli og heimili eiga að hafa virk tengsl sín á milli og bera sameiginlega ábyrgð á námi nemenda. Samstarf heimila og skóla einkennist af því að skólinn miðlar upplýsingum til foreldra um starfið í skólanum en það gerir hann m.a. með tölvupósti, fundum og fréttabréfum. Auk þess einkennist samstarfið af samræðum við foreldra um allt sem við kemur nemandanum og skólastarfinu. Foreldrar taka einnig ákvarðanir með skólanum og vinna að öllum markmiðum nemenda með kennurum, í því felst t.d. heimanám, reglur um samskipti og hegðun, viðurlög við brot á reglum o.fl.

Helstu samskipti fara fram í gegnum Mentor og eiga foreldrar og kennarar almennt vikuleg samskipti þar inni.

Skimanir 2018 -2019

Eftirtaldir skimanir eru hóp- og færniþróf og eru lögð fyrir 2. bekk sem hér segir:

Lesferill, lesfimi	september, janúar og maí.
Stafsetning (Aston Index)	október

Viðmiðunarstundaskrá

Ætlast er til þess að nemendur fái ákveðið margar kennslustundir á viku í hverju fagi. Hér að neðan er áætlaður tímafjöldi í hverju fagi fyrir sig í 2. bekk:

Íslenska	8
Stærðfræði	6
Lífsleikni	1
Náttúrufræði	2
Samfélagsfræði/Trúarbrögð	3
Íþróttir/Sund	3
Textílmennt/Smíði	2
Heimilisfræði/Myndmennt	2
Leiklist	1
Upplýsingatækni	1
Dans	1
	30

Námsmat

Í öllum námsgreinum meta kennarar framvindu námsins og hæfni nemenda jafnóðum yfir skólaárið og gefa þeim nemendum sem hafa ekki náð ákveðinni hæfni tækifæri til að bæta sig. Þegar kennarar leggja inn áveðin verkefni eða kannanir liggja til grundvallar ákveðin hæfniviðmið. Þau eru síðan metin jafnóðum og verkefnum lýkur.

Nemendur og foreldrar hafa alltaf aðgang að matinu og mikilvægt er að fylgjast vel með námsmati inni í Mentor. Námsmatið er lifandi og er að breytast reglulega yfir skólaárið og á að vera leiðbeinandi þannig að nemendur og foreldrar viti hvað þarf að leggja áherslu á á hverjum tíma til að ná ákveðnum hæfniviðmiðum.

Lokamat er tekið saman við lok skólaárs. Nemendur í 2. bekk fá samanlagða hæfnieinkunn í hverri námsgrein í táknum og orðum: Framúrskarandi, hæfni náð, á góðri leið, þarfnast þjálfunar og hæfni ekki náð.

Íslenska

Anna Kristín Gunnarsdóttir

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Lestur er öflugt tæki til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Góð lestarfærni er því undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðarinnar.

Hlutverk íslenskukennslu spannar vítt svið og fjölbreytt og hefur m.a. það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í rituðu og töluðu máli. Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Einnig er það mikilvægt að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana. Hið sama gildir um þann sem er heyrnarskertur eða heyrnarlaus.

Íslenska

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Talað mál, hlustun og áhorf.	<ul style="list-style-type: none"> - Góður, betri, bestur. - Skrift 2. - Sóknarskrift. - Sögubók og ritunaræfingar. - Stafsetning. - Ýmsar lestrarbækur og vinnubækur. 	<ul style="list-style-type: none"> - Þjálfist í að beita skýrum og áheyrilegum framburði. - Þjálfist í að hlusta á upplestur af ýmsum toga. - Geti lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum. - Taki þátt og fái tækifæri til að horfa á leikþætti og/eða söngatriði. - Geti sagt frá eftirminnilegum atburðum og eigin reynslu. - Geti átt góð samskipti og sýnt kurteisi. - Geti hlustað, með virðingu, á aðra. - Geti tekið þátt í umræðum. - Þjálfist í að koma fram og tjá sig fyrir framan bekkinn. - Þjálfist í að hlusta á og fara eftir munnlegum fyrirmælum. - Geti endursagt efni sem hann hefur hlustað eða horft á. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlagdir (smáfyrirlestur). - Lesið, spurt og spjallað. - Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna. - Söguáferðin. - Námsleikir. - Hlutverkaleikir. (leikræn tjáning). - Spil. - Upplýsingaöflun. - Vettvangsferðir. - Hringekjuformið notað í stöðvavinnu.
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> - Ritrún 1 (og 2). - Læra vísur utanbókar. - Mms.is . - Skólavefurinn. - Markviss málörvun. - Ýmis spil. - Stafakubbar. - Orðaforða-safnið mitt. 	<ul style="list-style-type: none"> - Þekki algengar orðmyndir. - Hafi jákvætt viðhorf til lestrar. - Geti lesið léttan texta með skilningi og unnið með hann. - Geti lesið í hljóði í stuttan tíma í senn, t.d. yndislestur. - Læri einfaldar vísur, ljóð og þulur. - Fari reglulega á bókasafn og fái bækur lánaðar. - Þekki mun á ólíkum söguformum, t.d. ævintýrum, þjóðsögum og blaðgreinum. - Kynnist hvernig bækur eru byggðar upp, t.d. forsíðu, baksíðu, efnisyfirlit og kafla. - Geti lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim. - Þekki hugtökin söguþráður, sögupersónur og boðskapur. - Geti endursagt sögu í aðalatriðum. - Geti spáð fyrir um framhald sögu (forspá). 	
Ritun:		<ul style="list-style-type: none"> - Þekki skriftaráttina. - Dragi rétt til stafs. - Vandri skrift og frágang. - Hafi bil á milli orða. - Haldi rétt á skriffæri. - Geri greinarmun á hástöfum og lágstöfum. - Skrifi orð eða stuttar setningar um ákveðið efni. - Þekki byggingu hugarkorta og geti búið sér til einfalt hugarkort. - Þekki hugtökin upphaf, miðja og endir. - Geti búið til sögu/myndasögu með einfaldri atburðarás. 	
Málfræði		<ul style="list-style-type: none"> - Skilji hvað rím er og geti fundið orð sem ríma. - Þekki hugtökin hljóð og bókstafur. - Þekki hugtakið atkvæði. - Þekki hugtakið setning. - Þekki sérhljóða og samhljóða. - Þekki hugtökin og vinni með samheiti og andheiti. - Þekki hugtökin og vinni með eintölu og fleirtölu. - Kynnist samsettum orðum. - Þekki stafrófsþuluna. 	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Stærðfræði

Anna Kristín Gunnarsdóttir

Stærðfræðinám hjá hverjum einstaklingi er samfelld ferli. Þekking og skilningur á hugtökum, táknum og lögmálum þróast á löngum tíma og fyrir margvíslega reynslu. Kennsla á yngsta stigi byggist á reynslu og þekkingu barnanna þegar þau hefja skólagöngu. Með tímanum þróast vinna þeirra og leikur þannig að þeim verður samt að styðjast við stærðfræðileg hugtök. Stuðla ber að slíkri þróun með því að þjálfna börnin í ýmiss konar talnavinu, flokkun, röðun og lýsingu á eiginleikum hluta og umræðum um þá. Mikilvægt er að tengja verkefnin einhverju sem börnin þekkja því oft geta þau unnið með flókin hugtök og háar tölur ef þau þekkja vel til.

Yfirleitt er viðhorf nemenda til stærðfræði frekar jákvætt við upphaf skólagöngu. Hlutverk skólans er að halda því við og styrkja það. Nemendur ættu að kynnast gildi stærðfræðinnar í daglegu lífi en einnig er mikilvægt að leggja áherslu á skemmtigildi greinarinnar. Fjölbreyttir kennsluhættir og mismunandi nálgun við lausnir viðfangsefna er líkleg til að viðhalda áhuga. Hafa ber í huga að lítil börn sjá hlutina öðrum augum en fullorðnir og því þurfa börn að fá tækifæri til að leita eigin leiða til lausna.

Hugtök				
Tölur og reikniaðgerðir	Tölfræði og líkindi	Rúmfræði og mælingar	Algebra	Tími
Plús	Gögn	Sentimeter	Leit að týndri tölu	Klukkutími
Samlagning	Súlurit	Metri	Óþekkt tala	Hálftími
Bæta við	Myndrit	Kílómeter	Óþekkt stærð	Eftirmiðdagur
Mínus	Flokkun	Tvívíð form		Hádegi
Frádráttur		Sívalningur		Í morgun
Draga frá		Ferstrendingur		Í kvöld
Summa		Píramídi		Fyrradagur
Samtals		Kúla		Fyrramálið
Jafnt og		Keila		Mánuðir
Talnalína		Teningur		Vikur/vikuheiti
Oddatala		Flatarmál		
Slétt tala		Speglun		
Tvöfalt				
Helmingur				
Tugur				
Eining				

Stærðfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Tölur og reikniaðgerðir	<ul style="list-style-type: none"> - Sproti 2a og 2b. - Eining. - Viltu reyna? - Vasareiknir. - Í undir-djúpunum. - Tíu – tuttugu. - Mms.is. - Skolavefurinn. - Kubbar. - Peningar. - Teningar. 	<ul style="list-style-type: none"> - Getur lesið tölur upp í 100. - Getur skrifað tölur upp í 100. - Getur leyst samlagningardæmi með tölum upp í 100. - Getur leyst frádráttardæmi með tölum upp í 100. - Þekkir innri tengsl samlagningar og frádráttar. - Þekkir sléttar tölur og oddatölur. - Getur skipt tveggja stafa tölum í tugakerfi. - Þekkir hugtökin samlagning, summa og jafnt og. - Þekkir hugtökin frádráttur og mismunur. - Þekkir talnalínu. - Þekkir hugtökin tvöfalt og helmingur. - Þekkir hugtökin tugur og eining. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlagdir (smáfyrirlestur). - Lesið, spurt og spjallað. - Einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna í litlum hópum. - Námsleikir. - Kubbar. - Spil. - Upplýsingaöflun. - Vettvangsferðir. - Hringekjuformið notað í stöðvavinnu.
Tölfræði og líkindi	<ul style="list-style-type: none"> - Speglar. - Lego. - Talnagrindur. - Klukka. 	<ul style="list-style-type: none"> - Geti safnað gögnum og flokkað þau. - Geti sýnt niðurstöður gagna í súluritum. - Geti lesið úr töflum og einföldum súluritum. - Þekkir súlurit, myndrit og flokkun. 	
Rúmfræði og mælingar		<ul style="list-style-type: none"> - Geti lesið heila og hálfu tímann af skífuklukku. - Þekki algengustu tvívíðu formin og einkenni. - Þekki algengustu tvívíðu formin og einkenni. - Þekki hugtökin sentimeter, meter og kílómeter. - Þekkir hugtökin sívalningur, ferstrendingur, píramídi, kúla, keila og teningur. - Þekki speglun. - Þekki hvað felst í hugtökunum ummál og flatarmál. - Getur borið saman lengd og þyngd mismunandi hluta. - Getur staðsett hluti og lýst staðsetningu með því að nota staðsetningarhugtök, t.d. nálægt, fyrir ofan, hliðin á, vinstra megin o.fl. - Kunni vikudagana og röð þeirra. - Kann mánaðarheitin og röð mánaða. - Þekkir hugtökin hádegi, í morgun, í kvöld, fyrradagur og fyrramálið. - Þekki hugtökin mánuðir, vikur og vikudagar. - Þekki hugtökin mínútur, hálf tími og klukkutími. 	
Algebra		<ul style="list-style-type: none"> - Geti fundið óþekkta upphafsstærð. - Geti fundið óþekktan hluta. - Geti lýst og haldið áfram með talnamynstur sem endurtekur sig, fer minnkandi eða stækkandi. - Geti búið til, lýst eða haldið áfram með einföld mynstur. 	
Matsþættir	Námsframvinna og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Náttúrugreinar

Anna Kristín Gunnarsdóttir

Undir náttúrugreinar flokkast náttúrufræði, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfismennt. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Með kennslu í náttúrugreinum er stuðlað að því að nemendur öðlist færni í þeim og geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans ræðst af samspili manns og náttúru. Haft er að leiðarljósi að nemendur láti sig varða nánasta umhverfi sitt og lífsskilyrði lífveranna sem þar búa.

Náttúrugreinar stuðla að þekkingu, virðingu, ábyrgð og upplifun nemenda. Hæfni í náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Jafnframt er nemendum gert kleift að greina eigin stöðu og hæfni, efla eigið læsi, siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt.

Hugtök

Að búa á jörðinni	Lífsskilyrði manna	Náttúra Íslands	Heilbrigði umhverfisins	Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu
Árstíðir Hitabreytingar Sjálfbærni Auðlindir Veður Setlög Veðrun Rof	Vatn, H ₂ O Celcius Forstmark Líffærakerfi Líkamshiti Smit Varnir Eitrun Skynjun	Búsvæði Neytendur Atferli Orkugjafar (Ísland)	Vistkerfi Fæðukeðja Kraftur Hreyfing Viðnám Orka Hamur efna Hringrásir í náttúrunni	Umhverfisvernd Auðlindir Hitun Kæling Næringarfræði Vísindamenn Rafmagn Þyngdarkraftur Hljóð Ljós Bylgjur

Náttúrugreinar

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Að búa á jörðinni	- Komdu og skoðaðu land og þjóð.	- Geti lýst landnotkun í heimabyggð. - Geti sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum.	- Lestur. - Umræður.
Lífskilyrði manna	- Komdu og skoðaðu eldgos. - Eru fjöllin blá?	- Geti útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekki einkastaði líkamans. - Geti rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu. - Geti gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.	- Paravinna. - Hópvinna. - Einstaklingsvinna.
Náttúra Íslands	- Aðgát í umferðinni.	- Geti lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu. - Geti sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða.	
Heilbrigði umhverfisins	- Kristinfræði. - Vettvangsferðir.	- Geti fjallað um samspil manns og náttúru. - Geti flokkað margvíslegan úrgang. - Geti rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.	
Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu	- Zippý. - Hugarfrelsi. - Fuglar.	- Geti flokkað gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra. - Geti gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi geymsluaðferða.	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Samfélagsgreinar

Anna Kristín Gunnarsdóttir

Samfélagsgreinar spanna fjölbættar námsgreinar eins og sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðfræði, lífsleikni og heimspeki ásamt siðfræði.

Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Innan samfélagsfræðinnar er fjallað um samfélag og menningu þar sem nemendur eru meðal annars fræddir um jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu sem á að stuðla að því að þroska hæfni þeirra til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra og skilja veruleikann.

Hlutverk samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu, auðvelda honum að fóta sig í mannlegu samfélagi og búa hann undir frekara nám og starf. Samfélagsgreinar deila viðfangsefnum sínum, gildum og markmiðum með ýmsum öðrum námsgreinum og námssviðum. Sérstaða þeirra felst í því hvernig þær ljá nemendum mikilvæg verkfæri til þess að þróa skilning sinn á sjálfum sér, öðru fólki og því umhverfi og samfélagi sem þeir hrærast í.

Samfélagsgreinar

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Reynsluheimur		<ul style="list-style-type: none"> - Geti rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi. - Geti gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni. - Geti sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu. - Geti sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu. - Geti sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu. - Geti áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi. - Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ýmsum tilboðum sem hvetja til útgjalda og neyslu. - Geti sagt frá gerð og mótun íslensk samfélags fyrr og nú. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlagnir (smáfyrirlestrar). - Lesið, spurt og spjallað. - Heimilda- og kvikmyndaáhorf. - Lausnaleitanám. - Samvinnunám. - Hugstormun.
Hugarheimur		<ul style="list-style-type: none"> - Geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig. - Geti gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur. - Geti bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann. - Geti áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði. - Geti gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans. - Geti gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna. - Geti sett sig í spor annarra jafnaldra. 	
Félagshættir		<ul style="list-style-type: none"> - Geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti. - Geti sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra. - Geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingu athafna sinna. - Geti sýnt tillitsemi og umhyggju í leik og starfi. 	
Matsþættir	<p>Leiðsagnarmat og símat fer fram allt skólaárið samofið námi og kennslu. Nemendur vinna stór og smá einstaklings- og hópverkefni sem öll eru hluti af lokamati.</p>		

Íþróttir

Ingibjörg Steinunn Sæmundsdóttir

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

Fyrstu skólaárin hafa börn yfirleitt mikla hreyfipörf, gleðjast yfir hverjum leik og hafa til að bera eðlislæga forvitni sem knýr þau áfram í könnun á umhverfi sínu. Skynhreyfileikir, hlutverkaleikir, hlaupaleikir og markvissar æfingar sem efla skynfæri líkamans og bæta gróf- og fínhreyfingar eiga að skipa stóran sess í skólaíþróttum fyrstu skólaárin. Helstu viðfangsefni í skólaíþróttum í 1.- 4. bekk eru hlaup, hopp, kast, og grip, spyrnur og jafnvægi í kyrrstöðu og á hreyfingu. Kollhnísar og veltur, gripstyrkur, bókstyrkur og stöðugleiki, samhæfing augna og handa/fóta með og án bolta og þol í hlaupi. Í skólasundi skal fyrstu tvö árin leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök, t.d í skrið- og baksundi. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma. Í 3.-4. bekk er síðan aukin áhersla á grunhreyfingar sundtaka í skriðsundi, bringusundi, skólabaksundi og baksundi.

Íþróttir

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> - Nái tókum á helstu gróf- og fínhyringum eins og að hlaupa, hoppa og velta á mismunandi hátt. - Geti ratað um skólahverfið og þekki göngu og hjólaleiðir í nærumhverfi. - Hafi fengið reynslu af fjölbreyttum leikjum sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð. - Hafi þjálfast í útivist með tilliti til veðurs. 	<ul style="list-style-type: none"> - Stöðvahringir. - Hringþjálfun. - Einfaldir leikir. - Umræður. - Útikennsla.
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> - Geti gert grein á helstu líkamshlutum og heitunum á þeim eins og höfuð, fótum, fótleggjum, örmum, fingrum og öxlum. - Hafi tileinkað sér skipulagsreglur í íþróttahúsum. - Hafi náð tókum á ýmsum samþættum hreyfingum handa og fóta með og án áhalds. - Hafi tekið þátt í fjölbreyttum leikjum innan- og utanhúss. - Hafi fangið þjálfun í æfingum og leikjum sem efla samspil skynjunar og hreyfingar. - Hafi náð tókum á grunnhreyfingum og samsettum æfingum. - Hafi náð tókum á fjölbreyttum æfingum með ýmis áhöld, s.s. bolta, keilur og bönd. - Hafi tekið þátt í fjölbreyttum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og spennu. 	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> - Er fær um ræða stríðni og einelti og hvernig á að bregðast æskilega við ef slíkt ber á góma. - Læri að taka sigri og ósigri. - Taki þátt í leikjum sem krefjast ákveðinna reglna til að fara eftir. - Fari eftir leikreglum og fylgi fyrirmælum. - Tjái skoðun sína á æfingum og leikjum. - Þjálfist í ýmsum leikjum eða æfingum sem krefjast samvinnu. - Hafi aukið skilning sinn á hvað er rétt og hvað er rangt í leikjum. 	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> - Tileinki sér rétta líkamsbeitingu. - Gengur um áhöld og tæki á öruggan hátt. - Læri og tileinki sér helstu umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum eins og að ganga frá fötum og handklæði. 	
Matsþættir		<p style="text-align: center;">Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Sprellikarlahopp í 10. sek. - Hoppa á öðrum fæti inn í gjörð og út. - Jafnvægisganga á jafnvægisslá. - Taka baunapoka upp með tánnum . <ul style="list-style-type: none"> - Kasta og grípa bolta. - Langstökk án atrennu. - Hoppa yfir sippuband jafnfætis 10 sek. 	

Sund

Ingibjörg Steinunn Sæmundsdóttir

Markviss hreyfing og notkun líkamans í skólaíþróttum er mikilvægur hluti þeirrar heilsuræktar og heilsueflingar sem nemendur þurfa á að halda í grunnskólum. Markviss hreyfing og gott líkamlegt ástand skólabarna hefur jákvæð áhrif á námsgengi þeirra. Í skólaíþróttum er tækifæri fyrir hvern nemanda að læra að þekkja eigin líkama og skynja möguleika hans til tjáningar og sköpunar. Þannig má efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmynd hvers einstaklings.

Í skólasundi skal fyrstu tvö árin leggja megináherslu á aðlögun barnsins að vatninu í gegnum leik og æfingar sem efla skynfæri líkamans í vatni. Kynna sundaðferðir og þá sérstaklega fótatök, t.d í skrið- og baksundi. Mikilvægt er að nemendur fái jákvæða upplifun í kennslustundum og njóti þess að sækja sundtíma.

Sund

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Heilsa og velferð		<ul style="list-style-type: none"> - Er fær um að hreyfa sig frjálst í vatni. - Taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða, viðbragð og líkamspól í vatni. - Fáir reynslu af þátttöku í leikjum í vatni sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð. 	<ul style="list-style-type: none"> - Stöðvahringir. - Aðlögunarleikir. - Umræður. - Sýnikennsla.
Hreyfing og afkastageta		<ul style="list-style-type: none"> - Framkvæmi bringusund með eða án hjálpartækja. - Framkvæmi skólabaksundsfótartök með eða án hjálpartækja. - Framkvæmi skriðsundsfótartök með eða án hjálpartækja. - Taki þátt í æfingum og leikjum með ýmis áhöld. - Tileinki sér fjölbreyttra hreyfifærni og læri að spenna og slaka á vöðvum í vatni. - Geti marglyttuflot með því að rétta úr sér. - Spyrni sér frá bakka og renni sér með höfuðið í kafi 2,5 metra eða lengra. - Hoppi af bakka í grunna laug. - Taki þátt í fjölbreyttum leikjum sem reyna á samspil skynfæra. 	
Félagslegir þættir og samvinna		<ul style="list-style-type: none"> - Öðlist öryggistilfinningu í vatni. - Læri að ganga frá tækjum eftir kennslustund. - Upplifi ánægju, spennu, ögrun og óvissu með þátttöku í æfingum og leikjum í vatni. - Þjálfist í leikrænum verkefnum sem krefjast félagslegra samskipta, eins og að taka tillit til annarra, hjálpa öðrum og veita öðrum hvatningu. - Tileinki sér helstu samskiptareglur sem í gildi eru. - Tileinki sér samskiptafærni eins og að hlusta, tjá skoðun sína, bíða og bregðast við. 	
Öryggi og skipulag		<ul style="list-style-type: none"> - Læri helstu hugtök sem notuð eru í byrjendakennslu í sundi. - Læri að bregðast fljótt við flautuhljóði eða rödd kennara. - Tileinki sér hreinlæti fyrir og eftir sundkennslu. - Fari eftir bað- og umgengisreglum sundstaða. - Læri að þvo sér, þurrka og klæða sig. - Læri að fylgja öryggisreglum sundstaðar. 	
Matsþættir		<p style="text-align: center;">Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <ul style="list-style-type: none"> - Marglyttuflot með því að rétta úr sér á kvið og baki. - Skólabaksundsfótatök 10m með eða án hjálpartækja. <ul style="list-style-type: none"> - Bringusund 10m með eða án hjálpartækja. - Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi 2,5m eða lengra. <ul style="list-style-type: none"> - Synða kafsund 5-6m. - Skriðsundsfótatök 10m með eða án hjálpartækja. 	

Hönnun og smíði

Torfi Hjörvar Björnsson

Verkgreinar í grunnskóla eiga það sameiginlegt að stuðla að alhliða þroska nemenda og búa þá undir daglegt líf. Í verkgreinum fá nemendur tækifæri til að beita ímyndunarafli sínu, sköpunargáfu, þekkingu og verklegri færni til að takast á við umhverfi sitt í markvissum tilgangi. Nemendur þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, verða sjálfstæðir í verki, og læra líta eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju.

Markmið verkgreina hefur bæði verið að undirbúa nemendur undir verkleg störf og einnig stuðla að alhliða þroska nemenda. Í starfsumhverfi nútímans eru gerðar sífellt auknar kröfur til tækniþekkingar og skilnings. Í verkgreinum öðlast nemendur bæði skilning á umhverfi sínu sem og grundvallarþekkingu.

Kennsla verkgreina eru liður í því að skapa virðingu og jákvætt viðhorf til verklegrar vinnu og eru einnig undirbúningur undir framhaldsnám í verklegum greinum. Hlutverk kennarans er að leiða nemandann á markvissan hátt þannig að hann verði sjálfstæður í verki, öðlist færni í að leysa vandamál, þjálfi fagurskyn og skynhreyfifærni. Verkgreinar eru því hvoru tveggja góður undirbúningur undir lífið og frekara nám.

Hönnun og smíði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Handverk	<ul style="list-style-type: none"> - Ýmsar handbækur og blöð. - Vefsíður. 	<ul style="list-style-type: none"> - Sýni frumkvæði og vinnusemi. - Geti framkvæmt einfaldar aðgerðir, s.s. saga, negla og líma. - Sýni góða hegðun og umgengni. 	<ul style="list-style-type: none"> - Sýnikennsla í hóp. - Nemendur vinna einstaklingsverkefni í samræmi við þroska þeirra og getu. - Sköpunarþörf og sjálfstæði nemandans fá að njóta sín.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Textílmennt

Guðbjörg Bergsveinsdóttir

Námsgreinin textílmennt er yfirgrípsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi. Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar.

Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.

Sköpun, læsi og sjálfbærni eru stoðir sem eru samofnar textílmenningu og í textílmennt er tækifæri til þess að vinna með þær á áþreifanlegan hátt og tengja við aðra þætti til að efla skilning nemenda.

Textílmennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Textíl	- Ýmsar handbækur og blöð.	<ul style="list-style-type: none"> - Geti unnið áfram með fjölbreytt textílefni og kynnist þeim, s.s. striga, þráðum, endurnýtanlegum efnum og ull. - Þjálfist í einföldum vinnuaðferðum s.s. að klippa, þræða grófa nál, vefa, teikna á efni og sauma þræðispor. - Geti saumað einföld útsaumsspor. - Geti gengið frá endum. - Skoði ullina og geri verkefni úr ull. 	<ul style="list-style-type: none"> - Nemendur gera eingöngu einstaklingsverkefni sem samræmist þroska þeirra og getu. - Reynt verður að finna verkefni sem höfða til áhugasviðs nemenda á fjölbreyttan hátt. - Sköpunarþörf og sjálfstæði nemendanna fá að njóta sín.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Heimilisfræði

Daðey Ingibjörg Hannesdóttir

Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Námsgreininni er m.a. ætlað að stuðla að heilbrigðum lífsháttum og neysluvenjum, góðu heilsufari, neytendavitund og verndun umhverfis. Kjarni heimilisfræðinnar er þekking og leikni í heimilistörfum þar sem þættir eins og næringarfræði, matreiðsla og hreinlæti tengjast. Opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) um mataræði og næringu eru hafðar til hliðsjónar við kennslu í heimilisfræði.

Heimilisfræði

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Matur og lífshættir	<ul style="list-style-type: none"> - Holt og gott. - Ítarefni. 	<ul style="list-style-type: none"> - Læri hvernig fæðutegundum er raðað í fæðuhring. - Auki skilning sinn á tengslum hollustu og heilbrigðis. - Læri um mikilvægi hreinlætis. - Geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða ávexti og grænmeti. - Veit hvaða fæðutegundir eru góðar og slæmar fyrir tennurnar. - Fræðist um tannhirðu. 	<ul style="list-style-type: none"> - Einfaldar verklegar æfingar. - Sýnikennsla. - Lesið. - Spurt og spjallað. - Einstaklingsvinna. - Hópavinna. - Paravinna. - Bókleg kennsla.
Matur og vinnubrögð		<ul style="list-style-type: none"> - Þjálfist í að fara eftir fyrir mælum. - Þjálfist í samvinnu og læri að taka tillit til annarra. - Þekki dl-mál, msk. og tsk. - Geri sér grein fyrir því að hnífar og önnur eggjárn geta verið hættuleg. 	
Matur og umhverfi		<ul style="list-style-type: none"> - Tileinki sér góðar umgengisreglur í eldhúsi. 	
Matur og menning		<ul style="list-style-type: none"> - Tileinki sér helstu kurteisvenjur við borðhald. 	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Upplýsinga- og tæknimennt

Anna Kristín Gunnarsdóttir

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Hugtakið upplýsinga- og miðlalæsi má skilgreina, sem getuna til að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim, leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Þannig getur nemandi öðlast hæfni í að tileinka sér, umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi. Megintilgangur kennslu í upplýsinga- og tæknimennt er að efla upplýsinga- og miðlalæsi nemenda og hjálpa þeim að öðlast almenna, góða tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin felur m.a. í sér getu til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir, tæknilæsi að nýta tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni, upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýnn og skapandi hátt og miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Upplýsingatæknin er ekki kennd sem sérstakt fag við skólann heldur samþættum við það flestum námsgreinum okkar.

Upplýsinga- og tæknimennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Vinnulag og vinnubrögð	<ul style="list-style-type: none"> - Vefsíður og annað gagnvirkt efni á borð við - Mms.is. - www.abcya.com - Verkefni frá kennara. - Word. 	<ul style="list-style-type: none"> - Geti nýtt tölvur og tæki sér til gagns og ánægju. - Geti nýtt tölvur og tæki sér til gagns og ánægju, s.s. hlustunar. - Geti nýtt tölvur og tæki sér til gagns og ánægju, s.s. lesturs. - Geti beitt undirstöðuatríðum í fingrasetningum. - Geti nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. - Geri sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tækni og hugbúnaði. - Þekki allan þann tækjabúnað sem notast er við og öll jaðartæki. 	<ul style="list-style-type: none"> - Innlagnir. - Smáfyrirlestrar. - Leitaraðferð. - Lestur. - Spurt og spjallað. - Spegluð kennsla. - Einstaklingsvinna. - Paravinna. - Hópavinna.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	<ul style="list-style-type: none"> - Umbrotsforrit. - Teikniforrit. - Kennsluforrit. 	<ul style="list-style-type: none"> - Geti leitað að myndefni og nýti við verkefnavinnu. - Geti nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni. 	<ul style="list-style-type: none"> - Námsleikir. - Umræður. - Vettvangsferðir.
Tækni og búnaður	<ul style="list-style-type: none"> - Poxel.is - Hlusta.is - Multi 1+2a 	<ul style="list-style-type: none"> - Geti skráð sig inn á tölvukerfið með eigin notendanafni og lykilorði. - Geti notað einfaldan hugbúnað-forrit við myndvinnslu. - Geti notað hugbúnað/forrit til teikninga. - Geti notað hugbúnað/forrit til að rita einfaldan texta undir leiðsögn. - Geti opnað sitt gagnasvæði og skjöl sem þar eru geymd. - Kynnist einfaldri forritun e.o. scratch. 	
Siðferði og öryggismál		<ul style="list-style-type: none"> - Geti farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun. - Sé meðvitaður um siðferðislegt gildi netreglna. 	
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Myndmennt

Anna Margrét Smáradóttir

Listir eru einn af hornsteinum mannlegs samfélags og hafa fylgt mannum frá örófi alda. Grunnskólinn er samfélag þar sem listir leika sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni.

Í myndmennt á yngsta stigi er kjörið að tengja viðfangsefnið við nánasta umhverfi og hugarheim nemandans. Áhersla skal lögð á fjölbreytt vinnubrögð og að nemendur handleiki sem flestar tegundir efna og áhalda. Á yngsta stigi læra nemendur grunnhugtök og lögmál myndlistar.

Myndmennt

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Myndmennt	<ul style="list-style-type: none"> - Sýnishorn. - Myndlista- bækur. - Netíð. - Vinnu- lýsingar og efni sótt í reynslubrunn kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> - Geti nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði. - Geti skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum. - Geti tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. - Geti unnið út frá kveikju við eigin listsköpun. - Geti fjallað um eigin verk og annarra. 	<ul style="list-style-type: none"> - Verklegar æfingar. - Umræðu- og spurnaraðferðir. - Útlistunarkennsla. - Jafningjakennsla. - Hópvinnubrögð. - Sýnikennsla. - Sköpun. - Leikir.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Leiklist

Magnþóra Kristjánsdóttir

Menntun í leiklist snýst um að þjálfa nemendur í aðferðum listgreinarinnar en ekki síður um læsi á leiklist í víðu samhengi og á að dýpka skilning nemenda á sjálfum sér, mannlegu eðli og samfélagi. Í leiklist fá nemendur tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi skólastofunnar. Hún styður nemandann í að tjá, móta og miðla hugmyndum sínum og tilfinningum sem hann mögulega fær ekki útrás fyrir á öðrum vettvangi.

Leiklist

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Líkami Rödd Látbragð Traust Einbeiting Rýmisvitund Samvinna Slökun Spuni Persónusköpun	- Efni frá kennara.	<ul style="list-style-type: none"> - Geti beitt sköpunargleði sinni í gegnum leik. - Geti nýtt frásagnarhæfileika sína frammi fyrir hópi fólks. - Geti sýnt stutta leikþætti frammi fyrir áhorfendum. - Geti tileinkað sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu. - Geti unnið saman í hóp. 	- Ýmsar aðferðir.
Matsþættir	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.		

Dans

Anna Berglind Júlíadóttir

Börnin mæta í sal Tónlistarskólans þar sem danskennslan fer fram. Þar fá þau sér sæti meðan skráð er mæting nemandi. Að því loknu fara þau í stráka og stelpu raðir og þau pöruð saman. Oftast hefst dansinn á paradönsum þar sem þau eru í danshaldi. Í 2. bekk er minna dansaðir barnadansar en í 1. bekk og meiri áhersla lögð á samkvæmisdansa eins og t.d cha cha cha og Djæf. Þar æfum við frumsporið að kappi og byrjum að bæta við nýjum sporum þegar líða fer á haustið. Í djæf læra þau t.d spor þar sem herrann snýr dömunni undir hönd. Sem er skemmtileg viðbót. Þau læra að dansa Skottís og Ræl í hring og til að hjálpa til við að halda hringnum stórum þá reyna þau að sjá fyrir sér stórt eldfjall á miðju gólfi sem þau verða að passa sig á að vera í góðri fjarlægð frá. Við gömludansana bætist við vínarkruss og svo höldum við vínarvalsinum við sem þau læra í 1. bekk. Partí polki er skemmtilegur hringdans þar sem þau skipta reglulega um dansfélaga meðan á dansinum stendur. Og verður oft ansi glatt á hjalla þegar farið er að æfa skiptinguna. Frjálsir dansar (þar sem þau eru ekki í danshaldi) eru líka hafðir með þó svo minni áhersla séu lagðir á þá dansa. Reynt er að hafa þá fjölbreytta eins og t.d línudans, zumba, léttu dansa sem dansaðir eru við vinsæl dægurlög eða barnalög. Fyrir jólin læra þau jóladansa sem dansaðir eru við skemmtileg jólalög. Ef börnin hafa verið dugleg leikum við okkur stundum undir lok tímans. Oftast eru það hreyfileikir með eða án tónlistar þar sem þau skemmta sér og æfa í leiðinni jafnvægi eða samhæfingu. Tímanum líkur svo á því að við gerum stelpu og stráka raðir þar sem þau snúa á móti hvort öðru, hneygja sig og þakka fyrir dansinn.

Dans

Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið í 2. bekk Nemandi:	Leiðir
Dans	- Efni frá kennara.	<ul style="list-style-type: none"> - Geti gengið í röð. - Geti unnið í samvinnu við dansfélaga. - Geti tekið upp danshald. - Geti fylgt kennaranum í dansi. - Kunni heiti dansanna. - Geti dansað frumsporin í Cha cha cha, Jive, Vínarvals, Stiginn, Skottís, Ræl og Partí Polka. - Geti dansað frjálsa dansa (ekki í haldi) í takt við tónlist. - Kunni muninn á hægri og vinstri. - Geti klappað í takt við tónlistina. - Sýni dansverk undir leiðsögn kennara. - Sýni góða færni í dansi. 	- Sýnikennsla.
Matsþættir	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti.</p> <p>Námsmat fer þannig fram að nemendur taka próf í þeim dögum sem kenndir hafa verið yfir hvora önn fyrir sig.</p>		

